

Fyrirspurn

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um ákvæði laga um skottulækningar.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hefur ráðherra einhverjar áætlanir um endurskoðun á ákvæðum læknalaga um skottulækningar?
2. Telur ráðherra koma til greina að endurskoða umrædd lagaákvæði með það að markmiði að óhefðbundnar lækningaaðferðir, svo sem nálarstungumeðferð (acupuncture), smáskammtalækningar (homeopathy), lið- og beinskekkjulækningar (osteopathy), hnykkulækningar (chiropractic) og nudd, geti hlotið viðurkenningu að uppfylltum skilyrðum?